



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT  
ÍSLANDS

# NADJA MICHAEL SYNGUR STRAUSS

---

22. MARS 2013





MENNTA- OG  
MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ



Reykjavíkurborg

---

### Vinsamlegast hafið slökkt á farsímum meðan á tónleikum stendur.

Tónleikagestir eru beðnir um að klappa aðeins í lok tónverka.

Tónleikarnir eru hljóðritaðir og verða sendir út á Rás 1 síðar.

---

### Áætluð tímalengd verka:

*Brahms:* 48´00"

*Strauss:* 28´00"

---

Bandaríska sópransöngkonan **Deborah Voigt** hefur afboðað komu sína á tónleika Sinfóníuhljómsveitar Íslands föstudaginn 22. mars vegna veikinda. Í hennar stað syngur þýska söngkonan Nadja Michael sem er tíður gestur í frægustu óperuhúsum heims og margverðlaunuð fyrir túlkun sína á Salóme. Þrátt fyrir þessar ófyrirsjáanlegu breytingar er efnisskrá tónleikanna að öllu óbreytt og mikill fengur að fá Michael hingað til lands sem er ein skærasta stjarnan í óperuheiminum í dag.

BAKHJARLAR:

---



GAMMA

---

Söngtextar eru á bls. 9.

# NADJA MICHAEL SYNGUR STRAUSS

TÓNLEIKAR Í ELDBORG 22. MARS 2013 » 19:30

---

**James Gaffigan** hljómsveitarstjóri  
**Nadja Michael** einsöngvari

---

**Johannes Brahms**

*Serenáða nr. 1 í D-dúr, op. 11 (1858-60)*

- I. Allegro molto*
- II. Scherzo: Allegro non troppo*
- III. Adagio non troppo*
- IV. Menuetto I; Menuetto II*
- V. Scherzo: Allegro*
- VI. Rondo: Allegro*

**Hlé**

**Richard Strauss**

*Úr Salóme (1905)*

*Sjöslæðudansinn*  
*Niðurlag Salóme*



## James Gaffigan

hljómsveitarstjóri

James Gaffigan hefur á örfáum árum skipað sér í hóp fremstu stjórnenda heims af yngri kynslóðinni. Gaffigan fæddist í New York árið 1979 og stundaði nám við undirbúningsdeild Juilliard-tónlistarskólans, New England Conservatory of Music í Boston og Rice University í Houston, þaðan sem hann lauk meistara-gráðu í hljómsveitarstjórn árið 2003.

Gaffigan var einn átta nemenda sem var valinn til að taka þátt í stjórnendaakademíu í Aspen undir leiðsögn David Zinman. Ári síðar var hann valinn til þátttöku í Tanglewood-sumarnám-skeiðinu og hefur síðan numið undir handleiðslu heimsþekkra hljómsveitarstjóra á borð við Esa-Pekka Salonen, Michael Tilson Thomas, Kurt Masur og André Previn.

Gaffigan var annar tveggja gullverðlaunahafa í Sir George Solti-hljómsveitarstjórakeppninni í Frankfurt árið 2004 og hefur í kjölfarið stýrt fjölda evrópskra hljómsveita, meðal annars Tonhalle-hljómsveitinni í Zürich, Þýsku símfóníuhljómsveitinni í Berlín, Símfóníuhljómsveit Birmingham og Konunglegu filharmóníusveitinni í Liverpool. Gaffigan var aðstoðarstjórnandi Símfóníuhljómsveitar Cleveland frá 2003-2006, en þá tók hann við samskonar stöðu við Símfóníuhljómsveit San Francisco. Auk símfóníuhljómsveita Cleveland og San Francisco hefur Gaffigan stjórnað símfóníuhljómsveitum Boston, Filadelfíu, Minnesota og New York.

Frá árinu 2011 hefur Gaffigan verið aðalhljómsveitarstjóri Símfóníuhljómsveitarinnar í Luzern í Sviss auk þess sem hann er aðalgestastjórnandi Fílharmóníusveitar hollenska útvarpsins.

# Nadja Michael

einsöngvari



Nadja Michael ólst upp í nágrenni Leipzig. Hún stundaði söngnám í Stuttgart og við háskólann í Bloomington í Indiana í Bandaríkjunum. Nadja er tíður gestur í frægustu óperuhúsum heims þar sem hún hefur sungið undir stjórn þekktustu hljómsveitarstjóra samtímans. Nadja hefur sungið í Arena di Verona, á Glyndebourne- og Salzburg-hátíðunum, komið fram með Sinfóníuhljómsveit Chicago-borgar meðal annars sem Brangäne í *Tristan og Ísold* undir stjórn Daniels Barenboim og sem Didon í *Les Troyens* eftir Berlioz undir stjórn Zubins Mehta.

Í febrúar 2007 söng hún hlutverk Salóme í La Scala óperuhúsinu í Mílanó við frábærar undirtektir og fylgdi því eftir með tilþrifamiklum söng í *Fidelíó* í Ríkisóperunni í Vín. Eftir áhrifamikla uppfærslu á *Salóme* við Konunglega óperuhúsið í Covent Garden í London árið 2008, kom hún fram sem Médée í samnefndri óperu Cherubinis í La Monnaie í Brussel.

Nadja söng hlutverk lafði Macbeth í óperu Verdis með Thomas Hampson í Lyric Opera í Chicago í árslok 2010 og árið 2011 söng hún hlutverk Marie í *Wozzeck* eftir Berg undir stjórn Daniels Barenboim í Ríkisóperunni Unter den Linden.

Nadja Michael hefur hlotið fjölda verðlauna fyrir margvísleg óperuhlutverk og listrænan flutning á ferli sínum. Sérlega eftirtektarverð voru verðlaunin Die Goldene Stimmgabel von Arte sem hún fékk fyrir túlkun sína á Salóme árið 2008 og tilnefning til South Bank Show ITV verðlaunanna árið 2009 í flokknum „Ópera“ fyrir Salóme í uppfærslu Konunglega óperuhússins í London.

Framundan hjá Nadju eru uppfærslur í Metropolitan óperunni í New York, Théâtre des Champs Élysées í París og víðar.



# Johannes Brahms

Serenaða nr. 1 í D-dúr, op. 11

Johannes Brahms (1833-1897) samdi tvær serenöður (kvöldlokkur) á árunum 1858-59. Hann dvaldi á þessum árum, hluta úr ári, í bænum Detmold þar sem hann vann að tónsmíðum og hljómsveitarstjórn fyrir Leopold III prins. Í Detmold hafði Brahms 45 manna hljómsveit til umráða og mun hann á þessum tíma hafa stúderað í þaula sinfóníur, serenöður og divertimenti eftir Haydn og Mozart, enda má greina áhrifin í serenöðum hans. Upphaflega ætlaði Brahms serenöðum sínum að vera kammerverk fyrir 9 strengi og blásara en að áeggjan fiðluleikarans Josephs Joachim gerði hann útgáfu af serenöðum sínum fyrir hljómsveit.

Þekkt er að Brahms átti í erfiðleikum með sinfóníska formið og mun hann hafa gert fjölmargar tilraunir að sinni fyrstu sinfóníu áður en fyrsta sinfónían var frumflutt 1876, einum 16 árum eftir að hann færði serenöðurnar í hljómsveitarbúning. Ástæða þessarar tregðu, er kom að sinfóníska forminu, var sá skuggi sem risavaxnar sinfóníur Beethovens vörpuðu á rómantíska tímabilið enda vissulega erfitt að ætla sér að bæta einhverju við þar sem sinfóníum Beethovens sleppti. Sjálfur mun Brahms hafa haft á orði að honum liði eins og að baki sér væri sinfónískur risi (Beethoven) sem varpaði yfir sig skugga sínum!

Í ljósi þessara erfiðleika, er kom að sinfóníska forminu, er áhugavert að skoða serenöðurnar því ljóst er að ástæða tregðunnar var ekki sú að hann kynni ekki til verka þegar kom að því að skrifa fyrir hljómsveit. Það staðfestir einnig Píanókonsert nr. 1 sem er frá árinu 1858.

Í upphafi kallaði Brahms Serenöðu í D-dúr sinfóníska-serenöðu en hætti við sinfóníska hlutann í titli verksins. Þó er margt í verkinu sjálfu sem minnir á sinfóníu og í raun rökrétt að flokka verkið til sinfónískra verka. Sé litið til vinsælda sinfónía Brahms sætir furðu hvað serenöður hans eru sjaldan fluttar enda um prýðis tónsmíðar að ræða.

## TÓNLISTIN Á ÍSLANDI:

*Serenaðan í D-dúr, op. 11 eftir Brahms hefur ekki áður hljómað í meðförum Sinfóníuhljómsveitar Íslands.*



## TÓNLISTIN Á ÍSLANDI:

*Sinfóníuhljómsveit Íslands hefur áður flutt hluta úr óperunni Salóme eftir Richard Strauss. Petri Sakari stýrði flutningi á Sjöslæðudansinum árið 2002.*

## Richard Strauss

Úr Salóme – Sjöslæðudansinn og niðurlag Salóme

„En á afmælisdegi Heródesar dansaði dóttir Heródíasar dans frammi fyrir gestunum og hreif Heródes svo, að hann sór þess eiða að veita henni hvað sem hún bæði um. Að undirlagi móður sinnar segir hún: „Gef mér hér á fati höfuð Jóhannesar skírara.“ Konungur varð hryggur við, en vegna eiðsins og gesta sinna bauð hann að veita henni þetta. Hann sendi í fangelsið og lét hálshöggva Jóhannes þar. Höfuð hans var borið inn á fati og fengið stúlkunni, en hún færði móður sinni.”

Svo farast guðspjallamanninum Matteusi orð um atburð sem hefur orðið mörgum listamanninum innblástur í gegnum tíðina. Forsaga frásagnarinnar að ofan er þessi: Heródes fjórðungsstjóri í Galíleu lætur myrða bróður sinn og tekur saman við ekkju hans, Heródías. Jóhannes skírari fordæmir þetta samband og Heródes lætur taka hann höndum til að þagga niður í honum.

Írska skáldið Oscar Wilde lagði út frá þessari frásögn í leikriti sem hann skrifaði á frönsku og dregur dóttur Heródíasar, Salóme, fram sem aðalpersónu atburðarrásarinnar. Salóme er hins vegar ekki nefnd á nafn í Biblíunni og má skilja á frásögn Matteusar að hún sé handbendi móður sinnar. Því er ekki þannig farið í leikriti Wildes, en Salóme er sannkallaður miðpunktur og lætur allt og alla snúast um sig. Salóme heillast af manningum sem heyrist hrópa óskiljanlega spádóma neðan úr dýflissunni og reynir að táldraga hann. Þegar Jóhannes skírari hafnar henni nýtir Salóme sér lostafullan áhuga stjúp föður síns á sér og ræður örlögum Jóhannesar skírara á ofangreindan hátt.

Richard Strauss (1864-1949) sá þetta umdeilda leikrit Wildes í frægri uppsetningu Max Reinhardts í Berlín árið 1903 en Strauss mun hafa verið á höttunum eftir efni í sína þriðju óperu. Honum varð ljóst að hér væri efnið komið og ákvað að færa þýska þýðingu Hedwigs Lachmann í tóna, með styttingum hér og þar.

Salóme var frumflutt í Dresden í desember árið 1905 og sló í

gegn og telst til stórvirkja óperutónbókmennta 20. aldarinnar. Verkið var þó umdeilt því stórir hópar fólks fordæmdu það og úthrópuðu sem guðlast og klám. Meira að segja Vilhjálmur II. Þýskalandskeisari lét sig málið varða og lýsti því yfir að verkið myndi hafa skaðleg áhrif á feril Strauss. Tónskáldið benti síðar á að „skaðræðisverkið” Salóme hafi gert honum kleift að byggja glæsivillu sína í Garmisch.

Helgi Jónsson



## **Salome**

### **Niðurlag**

*Salome:*

*[an der Zisterne lauschend]*

Es ist kein Laut zu vernehmen.

Ich höre nichts.

Warum schreit er nicht, der Mann?

Ah! Wenn einer mich zu töten käme,

ich würde schreien,

ich würde mich wehren,

ich würde es nicht dulden! ...

Schlag' zu, schlag' zu, Naaman!

Schlag' zu, sag' ich dir! ...

Nein, ich höre nichts.

Es ist eine schreckliche Stille!

Ah! Es ist etwas zu Boden gefallen.

Ich hörte etwas fallen.

Es war das Schwert des Henkers.

Er hat Angst, dieser Sklave.

Er hat das Schwert fallen lassen!

Er traut sich nicht, ihn zu töten.

Er ist eine Memme, dieser Sklave.

Schickt Soldaten hin!

*[Zum Pagen]*

Komm hierher,

du warst der Freund dieses Toten,  
nicht?

Wohlan, ich sage dir:

Es sind noch nicht genug Tote.

Geh zu den Soldaten

und befiehl ihnen,

hinabzusteigen und mir zu holen,

was ich verlange, was der Tetrarch

mir versprochen hat, was mein ist!

*[Der Page weicht zurück.]*

*Sie wendet sich den Soldaten zu]*

Hierher, ihr Soldaten,

geht ihr in die Zisterne hinunter

und holt mir den Kopf des Mannes!

Tetrarch, Tetrarch,

befiehl deinen Soldaten,

## **Salóme**

### **Niðurlag**

*Salóme:*

*[hlustar við þróna]*

Það heyrir ekkert hljóð.

Ég heyri ekkert.

Hvers vegna æpir hann ekki, maðurinn?

Æ! Ef einhver kæmi til að drepa mig,

þá mundi ég æpa,

ég mundi verja mig,

ég mundi ekki líða það! ...

Höggðu, höggðu, Naaman!

Höggðu, segi ég! ...

Nei ég heyri ekkert.

Það er hræðileg þögn!

Æ! Eitthvað hefur fallið á gólfid.

Ég heyrði eitthvað falla.

Það var sverð böðulsins.

Hann er hræddur, þessi þræll.

Hann lét sverð sitt falla!

Hann treystir sér ekki til að drepa hann.

Hann er raggeit, þessi þræll.

Sendið hermenn á staðinn!

*[Við hirðsveininn]*

Komdu hingað,

þú varst vinur þessa dauða manns,  
er það ekki?

Gott og vel, ég segi þér:

Það eru enn ekki nógu margir dauðir.

Farðu til hermannanna

og skipaðu þeim

að fara niður og ná í

það sem ég heimta, það sem fjórðungshöfðinginn

hefur lofað mér, það sem ég á!

*[Hirðsveinninn hörfar til baka.]*

*Hún snýr sér til hermannanna.]*

Hingað, hermenn,

farið niður í þróna

og náid fyrir mig í höfuð mannsins!

Fjórðungshöfðingi, fjórðungshöfðingi,

skipa þú hermönnum þínum

daß sie mir den  
Kopf des Jochanaan holen!

*[Ein riesengroßer schwarzer Arm, der Arm des Henkers, streckt sich aus der Zisterne heraus, auf einem silbernen Schild den Kopf des Jochanaan haltend. Salome ergreift ihn. Herodes verhüllt sein Gesicht mit dem Mantel. Herodias fächelt sich zu und lächelt. Die Nazarener sinken in die Knie und beginnen zu beten.]*

Ah!  
Du wolltest mich nicht deinen Mund  
küssen lassen, Jochanaan!  
Wohl, ich werde ihn jetzt küssen!  
Ich will mit meinen Zähnen  
hineinbeißen,  
wie man in eine reife Frucht  
beißen mag.  
Ja, ich will ihn jetzt küssen  
deinen Mund, Jochanaan.  
Ich hab' es gesagt.  
Hab' ich's nicht gesagt?  
Ah! ah! Ich will ihn jetzt küssen ...  
Aber warum siehst du mich nicht an,  
Jochanaan? Deine Augen,  
die so schrecklich waren,  
so voller Wut und Verachtung,  
sind jetzt geschlossen.  
Warum sind sie geschlossen?  
Öffne doch die Augen!  
So hebe deine Lider, Jochanaan!  
Warum siehst du mich nicht an?  
Hast du Angst vor mir, Jochanaan,  
daß du mich nicht ansehen willst?  
Und deine Zunge,  
sie spricht kein Wort, Jochanaan,  
diese Scharlachnatter,  
die ihren Geifer gegen mich spie.  
Es ist seltsam, nicht?  
Wie kommt es, daß diese rote Natter  
sich nicht mehr rührt?

að þeir nái fyrir mig  
í höfðuð Jókanaans!

*[Risavaxinn svartur handleggur, handleggur böðulsins, teygist upp úr þrónni og heldur á höfði Jókanaans á silfurskildi. Salóme grípur það. Heródes hylur andlit sitt með skikkju sinni. Heródías blakar blævængnum og brosir. Mennirnir frá Nazaret krjúpa á kné og taka að biðjast fyrir.]*

Æ!  
Þú vildir ekki láta mig kyssa  
munn þinn, Jókanaan!  
Jæja, nú skal ég kyssa hann!  
Ég ætla að bíta í hann  
með tönnum,  
eins og bíta má  
í þroskaðan ávöxt.  
Já, nú ætla ég að kyssa  
munn þinn, Jókanaan.  
Ég hef sagt það.  
Hef ég ekki sagt það?  
Æ! æ! Nú ætla ég að kyssa hann ...  
En hvers vegna horfir þú ekki á mig,  
Jókanaan? Augu þín,  
sem voru svo hræðileg,  
svo full reiði og fyrirlitningar,  
eru nú lokuð.  
Hvers vegna eru þau lokuð?  
Opnaðu nú augun!  
Lyftu nú upp augnlokunum, Jókanaan!  
Hvers vegna horfir þú ekki á mig?  
Ertu svo hræddur við mig, Jókanaan,  
að þú viljir ekki horfa á mig?  
Og tunga þín,  
hún mælir ekkert orð, Jókanaan,  
þessi skarlatsnaðra,  
sem spjó til mín eitri sínu.  
Það er sérkennilegt, er það ekki?  
Hvernig stendur á að þessi rauða naðra  
hreyfir sig ekki lengur?

Du sprachst böse Worte gegen mich,  
gegen mich, Salome,  
die Tochter der Herodias,  
Prinzessin von Judäa.  
Nun wohl!  
Ich lebe noch, aber du bist tot,  
und dein Kopf, dein Kopf gehört mir!  
Ich kann mit ihm tun, was ich will.  
Ich kann ihn den Hunden vorwerfen  
und den Vögeln der Luft.  
Was die Hunde übrig lassen,  
sollen die Vögel der Luft verzehren ...  
Ah! Jochanaan, Jochanaan,  
du warst schön.

Dein Leib war eine Elfenbeinsäule  
auf silbernen Füßen.  
Er war ein Garten voller Tauben  
in der Silberlilien Glanz.  
Nichts in der Welt  
war so weiß wie dein Leib.  
Nichts in der Welt  
war so schwarz wie dein Haar.  
In der ganzen Welt  
war nichts so rot wie dein Mund.  
Deine Stimme  
war ein Weihrauchgefäß,  
und wenn ich dich ansah,  
hörte ich geheimnisvolle Musik.  
Ah! Warum hast du mich nicht angesehen,  
Jochanaan? Du legtest über deine Augen  
die Binde eines,  
der seinen Gott schauen wollte. Wohl!  
Du hast deinen Gott gesehn, Jochanaan,  
aber mich, mich, hast du nie gesehn.  
Hättest du mich gesehn, du hättest mich geliebt!  
Ich dürste nach deiner Schönheit.  
Ich hungre nach deinem Leib.  
Nicht Wein noch Äpfel  
können mein Verlangen stillen ...  
Was soll ich jetzt tun, Jochanaan?

Þú mæltir ill orð á móti mér,  
á móti mér, Salóme,  
dóttur Heródíasar,  
prinsessu af Júdeu.  
Jæja þá!  
Ég er enn á lífi, en þú ert dauður,  
og höfuð þitt, höfuð þitt á ég!  
Ég get gert við það hvað sem ég vil.  
Ég get hent því fyrir hundana  
og fyrir fugla himinsins.  
Það sem hundarnir skilja eftir  
eiga fuglar himinsins að rífa í sig ...  
Æ! Jókanaan, Jókanaan,  
þú varst fallegur.

Líkami þinn var filabeinssúla  
á silfurfótum.  
Hann var garður fullur af dúfum  
í ljóma frá silfurliljum.  
Ekkert í heiminum  
var jafnhvitt og líkami þinn.  
Ekkert í heiminum  
var jafnsvart og hár þitt.  
Í öllum heiminum  
var ekkert jafnrautt og munnur þinn.  
Rödd þín  
var eins og reykelsisker,  
og þegar ég horfði á þig  
heyrði ég dularfulla tónlist.  
Æ! Hvers vegna horfðir þú ekki á mig,  
Jókanaan? Þú lagðir yfir augu þín  
augnbindi þess  
sem vildi sjá guð sinn. Gott og vel!  
Þú hefur séð guð þinn, Jókanaan,  
en mig, mig hefur þú aldrei séð.  
Hefðir þú séð mig, þá hefðir þú elskað mig!  
Mig þyrstir eftir feegurð þinni.  
Mig hungrar eftir líkama þínum.  
Hvorki vín né epli  
geta sefað löngun mína ...  
Hvað á ég nú að gera, Jókanaan?

Nicht die Fluten, noch die großen Wasser  
können dieses brünstige Begehren löschen ...  
Oh! Warum sahst du mich nicht an?  
Hättest du mich angesehen,  
du hättest mich geliebt.  
Ich weiß es wohl, du hättest mich geliebt.  
Und das Geheimnis der Liebe ist größer  
als das Geheimnis des Todes ...

*[Der Mond verschwindet. Die Sklaven löschen die  
Fackel aus. Die Sterne verschwinden. Eine große  
Wolke zieht über den Mond und verhüllt ihn völlig.  
Die Bühne wird ganz dunkel. Der Tetrarch beginnt  
die Treppe hinaufzusteigen.]*

Ah! Ich habe deinen Mund geküßt,  
Jochanaan. Ah!  
Ich habe ihn geküßt, deinen Mund,  
es war ein bitterer Geschmack  
auf deinen Lippen.  
Hat es nach Blut geschmeckt?  
Nein! Doch es schmeckte vielleicht nach Liebe ...  
Sie sagen, daß die Liebe bitter schmecke ...  
Allein was tut's? Was tut's?  
Ich habe deinen Mund geküßt, Jochanaan.  
Ich habe ihn geküßt, deinen Mund.

*[Der Mond bricht wieder hervor und beleuchtet  
Salome. Herodes sich umwendend: Man töte dieses  
Weib! Die Soldaten stürzen sich auf Salome und  
begraben sie unter ihren Schilden.]*

Oscar Wilde  
Hedwig Lachmann þýddi úr frönsku

Hvorki fljótin, né hin miklu vötn  
geta slökkt þessa lostasamlegu löngun ...  
Ó! Hvers vegna horfðir þú ekki á mig?  
Hefðir þú horft á mig,  
þá hefðir þú elskað mig.  
Ég veit það vel, þú hefðir elskað mig.  
Og leyndardómur ástarinnar er meiri  
en leyndardómur dauðans ...

*[Tunglið hverfur. Þrælarnir slökkva á blysunum.  
Stjörnurnar hverfa. Stórt ský dregur  
fyrir tunglið og hylur það alveg. Sviðið verður  
almyrkvað. Fjórðungshöfðinginn byrjar að  
ganga upp stigann.]*

Æ! Ég hef kysst munn þinn,  
Jókanaan. Æ!  
Ég hef kysst hann, munn þinn,  
það var beizkt bragð  
af vörum þínum.  
Var það bragð af blóði?  
Nei! En það bragðaðist kannski af ást ...  
Það er sagt að ástin bragðist beizklega ...  
En hverju skiptir það? Hverju skiptir það?  
Ég hef kysst munn þinn, Jókanaan.  
Ég hef kysst hann, munn þinn.

*[Tunglið brýzt aftur fram og lýsir á Salóme.  
Heródes snýr sér við: Drepið þessa konu!  
Hermennirnir ráðast að Salóme og hún grefst  
undir skjöldum þeirra.]*

Reynir Axelsson þýddi



## Skoska sínfónían og Wagner

Föstudaginn 5. apríl kl. 19:30

Óperuformið er allsráðandi þegar kemur að verkum Richards Wagner. *Wesendonk*-ljóðin og sínfóníska ljóðið *Siegfried Idyll* eru einu tónverk Wagners utan ópera sem reglulega eru flutt. Það síðarnefnda samdi Wagner sem afmælisgjöf til konu sinnar, Cosimu, eftir að þau hjónin höfðu eigast soninn Siegfried. *Wesendonk*-ljóðaflokkinn samdi Wagner á árunum 1857-8 við texta Mathilde Wesendonk, eiginkonu velgjörðarmanns síns.

Árið 1829 var ferð hins unga Felix Mendelssohn heitið til Bretlandseyja þar sem hann lék á píanó við góðan orðstír. Í ferðinni heimsótti hann Holyrood-kastalann í grennd við Edinborg. Heimsóknin hafði djúp áhrif á hann og ritaði hann fjölskyldu sinni í bréfi að hann hefði „fundið byrjunina á skosku sínfóníunni sinni“. Mendelssohn lauk þó ekki við sínfóníuna fyrr en árið 1842 og er hún án efa hans metnaðarfullsta og fágaðasta sínfónía.

Hanna Dóra Sturludóttir hefur margsinnis komið fram með Sínfóníuhljómsveit Íslands. Hún stundaði söngnám hjá Kristni Sigmundssyni og Snæbjörgu Snæbjarnardóttur við Söngskólann í Reykjavík áður en hún hélt til Berlínar í framhaldsnám. Hún hefur sungið víða í Evrópu á undanförunum árum.

**Ilan Volkov** hljómsveitarstjóri

**Hanna Dóra Sturludóttir** einsöngvari

# Hljómsveit á tónleikum

22. mars 2013

## 1. FIDLA

Nicola Lolli  
Una Sveinbjarnardóttir  
Zbigniew Dubik  
Júlíana Elín Kjartansdóttir  
Mark Reedman  
Pálína Árnadóttir  
Hildigunnur Halldórsdóttir  
Margrét Kristjánsdóttir  
Ágústa María Jónsdóttir  
Rut Ingólfsdóttir  
Rósa Guðmundsdóttir  
Olga Björk Ólafsdóttir  
Lin Wei  
Martin Frewer

## 2. FIDLA

Ari Þór Vilhjálmsson  
Gunnhildur Daðadóttir  
Kristján Matthíasson  
Greta Salome Stefánsdóttir  
Dóra Björgvinsdóttir  
Þórdís Stross  
Christian Diethard  
Ólöf Þorvarðsdóttir  
Kristín B. Ragnarsdóttir  
Greta Guðnadóttir  
Sigurlaug Eðvaldsdóttir  
Margrét Þorsteinsdóttir

## VÍÓLA

Þórunn Ósk Marinósdóttir  
Svava Bernharðsdóttir  
Herdis Anna Jónsdóttir  
Kathryn Harrison  
Ásdís H. Runólfsdóttir  
Stefanía Ólafsdóttir  
Vigdís Másdóttir  
Sarah Buckley  
Jónína Auður Hilmarsdóttir  
Sesselja Halldórsdóttir

## SELLÓ

Bryndís Halla Gylfadóttir  
Margrét Árnadóttir  
Hrafnkell Orri Egilsson  
Ólöf Sigursveinsdóttir  
Ólöf Sesselja Óskarsdóttir  
Sigurður Bjarki Gunnarsson  
Lovísa Fjeldsted  
Auður Ingvadóttir

## BASSI

Hávarður Tryggvason  
Páll Hannesson  
Dean Ferrell  
Jóhannes Georgsson  
Richard Korn  
Þórir Jóhannsson

## FLAUTA

Hallfríður Ólafsdóttir  
Áshildur Haraldsdóttir  
Martial Nardeau

## ÓBÓ

Daði Kolbeinsson  
Matthías Nardeau  
Peter Tompkins

## KLARINETT

Arngunnur Árnadóttir  
Einar Jóhannesson  
Rúnar Óskarsson  
Sigurður I. Snorrason

## FAGOTT

Katarzyna Zdybel  
Rúnar Vilbergsson  
Darri Mikaelsson

## HORN

Joseph Ognibene  
Emil Friðfinnsson  
Stefán Jón Bernharðsson  
Þorkell Jólsson  
Lilja Valdimarsdóttir

## TROMPET

Ásgeir Steingrímsson  
Einar Jónsson  
Eiríkur Örn Pálsson  
Guðmundur Hafsteinsson

## BÁSÚNA

Sigurður Þorbergsson  
Ingibjörg Guðlaugsdóttir  
David Bobroff, bassabásúna

## TÚBA

Nimrod Ron

## HARPA

Katie Buckley

## CELESTA

Anna Guðný Guðmundsdóttir

## PÁKUR

Eggert Pálsson

## SLAGVERK

Steef van Oosterhout  
Frank Aarnink  
Árni Áskelsson  
Pétur Grétarsson  
Einar Valur Scheving  
Matthias Hemstock



## Vorblót

Fimmtudaginn 11. apríl kl. 19:30

Í ár eru 100 ár liðin frá frumflutningi *Vorblótsins* eftir Ígor Stravinskíj. Aldrei í tónlistarsögunni hefur frumflutningur á tónverki valdið jafn miklu fjaðrafoki og þann 29. maí árið 1913 í Théâtre des Champs-Élysées. Tónlistin og ballettinn gengu svo fram af viðstöddum að lögreglu þurfti til þess að stilla til friðar. *Vorblótið* er eitt áhrifamesta tónverk 20. aldarinnar, það kom sem sprengja inn í tónlistarsöguna og umbylti viðhorfum fólks til tónlistar.

Fiðluleikarinn Patricia Kopatchinskaja braust fram á sjónarsviðið þegar hún vann til fyrstu verðlauna í Szeryng-fiðlukeppninni árið 2000. Í framhaldi af því hefur alþjóðlegur ferill hennar verið glæsilegur. Galdrar þessarar orkumiklu fiðludrottningar frá Moldavíu hafa heillað jafnt áheyrendur sem gagnrýnendur upp úr skónum.

Þjóðleg ungversk áhrif leyna sér ekki í *Fiðlukonsert nr. 2* eftir Béla Bartók sem saminn var árið 1938. Verkið var samið á erfiðum tíma í lífi tónskáldsins sem sætti ofsóknum vegna andstöðu sinnar við fasisma sem átti síauknu fylgi að fagna. Þrátt fyrir ytri erfiðleika er þessi þriggja þátta fiðlukonsert glettin, björt og framsækin tónsmíð.

Örfá sæti laus.

**Ilan Volkov** hljómsveitarstjóri

**Patricia Kopatchinskaja** einleikari





ENNEMM / SJIA / NM54421

**Forvarnir eru málið þegar tryggingar snúast um fólk!**

VÍS | ÁRMÚLA 3 | 108 REYKJAVÍK | SÍMI 560 5000 | VIS.IS

**VÍS**